

## **Ed. 416. Tillaga til þingsályktunar**

um kvikmyndasýningar í skólum sveita og kaптúna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast fyrir, með aðstoð fræðslumálaskrifstofunnar, hjá öllum fræðslu- og skólanefndum í sveitum og kaup-  
túnum, hversu þeim mundi henta, að komið yrði á samfelldu kerfi kvikmyndasýninga um land allt í skólum og fundahúsum sveita og kaптúna til fróðleiks og skemmtunar öllum almenningi.

### **Greinargerð.**

Kvikmyndasýningar eru nú almennastar og mest eftirsóttar af skemmtunum í öllum menntalöndum. Í þéttbýli eru slíkar sýningar af öllum jafnaði arðvænn at-  
vinnuvegur, en í dreifbýli er erfiðara að láta þær njóta sín. Hér á landi er allmikill kvikmyndarekstur í öllum hinum stærri kaupstöðum, en á erfitt uppdráttar í kaup-  
túnum og er enn sem komið er talinn nálega óframkvæmanlegur í sveitum. Vöntun kvikmyndasýninga í sveitum og kaптúnum á sinn þátt i, að fólk flyzt þaðan til mannfleiri staðanna á landinu. Sá þjóðflutningur er ekki einu sinni til gagns fyrir hin einstöku bæjarfélög, sem vaxa meir að fólkstölu en atvinnu. Hagsmunir þjóðfélags-  
ins gera óhjákvæmilegt að freista að jafna á allan skynsamlegan hátt aðstöðuna milli byggða og bæja í landinu.

Fyrir nokkrum árum hreyfði ég því opinberlega, að þegar þjóðleikhúsið yrði fullgert, mundi mega í sambandi við rekstur þess koma á allsherjar skipulagi um kvikmyndarekstur utan stærri kaupstaðanna. Það mun mega telja öruggt, að ekki hentar fyrst um sinn að hafa opinberar leiksýningar og samsöngva oftár en fjórum sinnum á viku í þjóðleikhúsinu, en kvikmyndasýningu þrem sinnum að kvöldi til og oftár með miðdegissýningum. Þjóðin öll hefur með skemmtanaskattinum lagt fram féð til þjóðleikhúsbyggingarinnar og á því húsið sameiginlega. Þess vegna þarf það að verða henni allri að notum sameiginlega, þó að höfuðstaðurinn af eðli-  
legum ástæðum hafi þess mest not. Ef ríkið starfrækti kvikmyndasýningar þrem sinnum á viku í höfuðstaðnum, yrði sá rekstur töluverð tekjugrein, þar sem þjóðin öll leggur fram húsið án endurgjalds. Stjórn kvikmyndasýninganna í þjóðleikhúsinu gæti þá í samstarfi við skrifstofu fræðslumálastjóra starfrækt farandsýningar á kvikmyndum úti um allt land. Að vísu mundu verða notaðar aðrar kvikmyndir í ferðasýningum sveitanna, þar sem hús væru lítil, heldur en í þjóðleikhúsinu. En ágóðinn af kvikmyndasýningum í leikhúsinu mundi verða til stuðnings sýningum í kaптúnum og byggðum, auk þess sem kvikmyndasýningum, sem nokkurt gagn er að, verður ekki komið á í dreifbýli nema með skipulagi, sem nær yfir allt landið.